Nr. 4. 27. febr.

# Lög

um

eptirlaun presta.

**Vjer Christian hinn Níundi**, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt**: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Prestar þeir, er veitt hefir verið prestsembætti og hafa þjónað því lengur eða skemur, hafa rjett til eptirlauna, þá er þeim er veitt lausn frá embætti sínu fyrir aldurs sakir eða heilsubrests, eða fyrir aðrar þær sakir, er þeim er ósjálfrátt um.

2. grein.

Eptirlaun presta skulu talin eptir þjónustualdri þeirra á þá leið, að upphæð eptirlaunanna er 10 kr. fyrir hvert þjónustuár þeirra. Þjónustuár prests skulu talin öll þau ár, er hann gegnir prestsembætti. Prestur sjötugur að aldri hefir rjett á að fá lausn frá embætti með eptirlaunum eptir lögum þessum.

3. grein.

Sá prestur, sem að ósjálfráðu slasast þannig eða tekur vanheilsu, er hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að sleppa prestsskap, skal fá eptirlaun, sem nemi 250 kr., ef hann hefir ekki þjónað prestsembætti svo lengi, að eptirlaun hans nemi því, eða meiru.

4. grein.

Prestur sá, er fyrirgjörir kjóli og kalli, missir rjet til eptirlauna. Nú er presti vikið frá kalli um sinn, en honum þó veitt embætti aptur, og hefir hann þá rjett til eptirlauna samkvæmt 2. grein.

5. grein.

Nú hefir prestur fengið eptirlaun, og missir hann þau:

1. ef hann fær aptur embætti og laun, enda sjeu laun þau eigi minni en eptirlaunin voru;
2. ef hann fyrir konungs leyfi fram gengur í þjónustu annara ríkja;
3. ef hann tekur sjer bústað í öðru ríki utan konungs samþykki komi til;
4. ef hann verður sannur að því, að hafa kastað trú þjóðkristninnar;

# Lov

Nr. 4. 27de Febr.

om

## Præsters Pension.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Enhver Præst, som er bleven kaldet til og i længere eller kortere Tid har beklædt et Præsteembede, er berettiget til Pension, naar han afskediges paa Grund af Alderdom eller Svagelighed eller af andre ham utilregnelige Aarsager.

§ 2.

Pensionen skal regnes efter Vedkommendes Embedstid, saaledes at dens Beløb er 10 Kr. for hvert Tjenesteaar. Til en Præsts Embedstid bør regnes alle de Aar, han har fungeret som Præst. Den Præst, som er 70 Aar gammel, er berettiget til at forlange sin Afsked med Pension efter nærværende Lov.

§ 3.

Den Præst, som uden egen Skyld kommer saaledes til Skade eller mister Helbreden under Udførelsen af sit Embede, at han maa afskediges, er berettiget til en Pension af 250 Kr., dersom han ikke har beklædt et Præsteembede saalænge, at hans Pension beløber sig til den nævnte Sum eller derover.

§ 4.

Den Præst, som forbryder sit Embede, fortaber sin Ret til Pension. Hvis en Præst suspenderes fra sit Kald, men senere atter ansættes i Embede, er han berettiget til Pension efter § 2.

§ 5.

Den Præst, som har faaet Pension, mister den:

1. Naar han atter faar Embede med en Lønning, der udgjør et Beløb, der er ligesaa stort som Pensionen;
2. Naar han uden Kongens Tilladelse gaar i fremmed Tjeneste;
3. Naar han uden Kongens Samtykke bosætter sig i andre Riger;
4. Naar han bliver funden skyldig i at have fornægtet Folkekirkens Tro;

Nr. 4. 27. febr.

5. ef hann verður sekur að lagadómi um eitthvert það afbrot, er svipt mundi hafa hann embætti, hefði hann í því verið, og er það jafnt, hvort er hann hefir framið brotið áður hann fjekk lausn frá embætti, eða síðan.

6. grein.

Ef tekjur brauðs þess, er uppgjafaprestur hefir fengið lausn frá, eru yfir 1200 kr. eptir síðasta brauðamati, þá skal greiða uppgjafapresti svo eptirlaun af brauðinu, að tekjur prestsins verði eigi minni en 1200 kr. En sjeu tekjur brauðsins 1200 kr. eða minni, þá fær uppgjafaprestur öll eptirlaun sín úr landssjóði. Svo og hvar þess, er uppgjafaprestur fær eigi öll eptirlaun sín greidd af brauðinu, skal það, er til vantar, greitt úr landssjóði.

7. grein.

Nú æskir uppgjafaprestur að fá einhverja kirkjujörð í brauðinu til ábúðar, og skal hann eiga forgangsrjett fyrir öðrum, en gegna verður hann öllum hinum sömu skyldum, sem hver annar leiguliði.

8. grein.

Uppgjafaprestar þeir, er búnir eru að fá hærri eptirlaun en til eru tekin í lögum þessum, skulu halda þeim fyrir sjálfa sig. Svo skulu og prestar þeir, er nú sitja í embættum, halda rjetti sínum til þeirrar eptirlaunaupphæðar, er hingað til hafa lög og venja verið til, og greiðist upphæð eptirlaunanna samkvæmt 6. gr.

9. grein.

Lög þessi öðlast gildi í fardögum 1880.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 27. dag febrúarm. 1880.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

5. Naar han ved Dom kjendes skyldig i en saadan Forseelse, som medens han var i Embede vilde have havt dettes Forbrydelse til Følge; og gjælder det samme enten Forseelsen er begaaet før eller efter at han har erholdt Afsked fra Embedet. Nr. 4. 27de Febr.

§ 6.

Hvis Indtægten af det Kald, som Emeritpræsten har faaet Entledigelse fra, overstiger 1,200 Kr. ifølge sidste Regulering af Præstekaldenes Indtægter, skal Pensionen til Emeritpræsten betales ham af dettes Indtægter, for saa vidt disse ikke derved blive mindre end 1,200 Kr. Men hvis Kaldets Indtægt er 1,200 Kr. eller derunder, skal hele Pensionen udredes af Landskassen. Ligeledes bliver i alle de Tilfælde, hvor Emeritpræsten ikke faar hele Pensionen betalt af Kaldet, det manglende at udrede af Landskassen.

§ 7.

Hvis Emeritpræsten ønsker at faa til Brug og Benyttelse en af de Præstekaldet tilhørende Kirkejorder, har han Forgangsret hertil fremfor Andre, men bør opfylde alle de samme Pligter, som enhver anden Lejlænding.

§ 8.

De Emeritpræster, som allerede have faaet en højere Pension end der ved denne Lov er blevet fastsat, skulle fremdeles beholde denne højere Pension for sig selv. Ligeledes beholde de Præster, som nu beklæde Præsteembeder, Ret til Pension i Overensstemmelse med hidtil gjældende Lov og Sædvane, og skal Pensionens Beløb udredes i Overensstemmelse med § 6.

§ 9.

Denne Lov træder i Kraft fra Fardag 1880.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 27de Februar 1880.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

**(L. S.)**

*J. Nellemann.*